

Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, og Sjávarbýlið ehf, kt. 670303-3730, gera með sér eftirfarandi

Samning um makaskipti

1. gr.

Sveitarfélagið Árborg skuldbindur sig til að selja og Sjávarbýlið ehf. til að kaupa landspildu sem er 7,38 ha að stærð og afmarkast af eftirfarandi hnitpunktum:

Nafn	A-hnit	N-hnit
L13	395592.18	373957.13
L15	395798.83	374122.85
L16	395584.41	373968.46
L17	395664.56	374032.85
L19	395787.49	374131.43
L20	395984.74	373982.06
L21	395727.04	373760.63

Hnitakerfi ISN93

Spildan fær nafnið Háeyri lóð 3, lnr. 217287, og sést afmörkun hennar á meðfylgjandi uppdrætti frá Verkfræðistofunni Eflu, dags. 18.5.2018, sem er hluti samnings þessa. Spildan er samsett úr Háeyri lóð 3, lnr. 217287 og að hluta úr Litla-Hrauni lóð 2, lnr. 217221 og Stóru-Háeyri, lnr. 165875.

Sveitarfélagið Árborg vekur athygli Sjávarbýlisins ehf. á því að hluti af umræddri spildu var nýttur sem urðunarstaður í lengri tíma. Sjávarbýlinu ehf. er kunnugt um þetta og gerir ekki athugasemdir við ástand spildunnar og gerir engar kröfur vegna þess.

Við undirritun afsals og afhendingu landsins yfirtekur Sjávarbýlið ehf. tvo leigusamninga, annan við Skúla Æ. Steinsson, kt. 071241-3789, vegna þess hluta spildunnar Háeyri lóð 3 sem afsalað er til Sjávarbýlisins ehf., hinn við Braga Andrésson, kt. 040449-0009, vegna þess hluta spildunnar Litla-Hraun lóð 2, sem afsalað er til Sjávarbýlisins ehf. Samningarnir eru báðir dagsettir 1. desember 2008.

Sjávarbýlið ehf. hefur heimild til þess að girða beint frá hnitpunkti L17 að Móðelflugvelli, lnr. 194141, meðfram vegi og að landi Litla-Hrauns, lnr. 165868 og í hnitapunkt L19. Heimildin til þess að girða meira svæði en Sjávarbýlið ehf. fær í makaskiptunum er veitt vegna túna sem eru nýtt. Túnin eru að hluta til inni á Háeyri lóð 3 (eins og spildan verður afmörkuð eftir makaskipti) og Litla-Hrauni lóð 2.

2. gr.

Sjávarbýlið ehf. skuldbindur sig til það selja og Sveitarfélagið Árborg til að kaupa eftirtalдар landspildur:

1. Landspildu sem skipt er út úr landi Gamla Hrauns 2, lnr. 165864 að stærð 10,4 ha og afmarkast af eftirfarandi hnitpunktum:

Nafn	A-hnit	N-hnit
L01	396741.1	375567.3
L02	396761.6	375607.2
L03	397782.4	377057.8
L04	397795.1	377029.1
L05	396810.1	375522.8

Hnitakerfi ISN93

Spildan fær nafnið Hraunstekkur 2, lnr. 224351, og er afmörkuð á meðfylgjandi uppdrætti frá Verkfræðistofunni Eflu, dags. 18.5.2018, sem er hluti samnings þessa. Sveitarfélagið Árborg hefur umferðarrétt yfir land Gamla-Hrauns 2 við hnitpunkta L01 og L02.

2. Landspildu sem skipt er út úr landi Gamla Hrauns 2, lnr. 165864, stærð 0,8845 ha. og afmarkast af eftirfarandi hnitpunktum:

Nafn	A-hnit	N-hnit
L06	396250.6	374694.3
L07	396282.8	374723.9
L08	396303.6	374746.2
L09	396365.9	374676.7
L10	396311.1	374590.8

Hnitakerfi ISN93

Spildan fær nafnið Hraunstekkur 1, lnr. 224352 og er afmörkuð á meðfylgjandi uppdrætti frá Verkfræðistofunni Eflu, dags. 18.5.2018, sem er hluti samnings þessa. Sjávarbýlið ehf. hefur umferðarrétt í gegnum Hraunstekk 1 á milli hnitpunkta L10 og L09 að Gamla-Hrauni 2, lnr. 165864.

Eftirtalin veðbönd eru áhvílandi á Gamla-Hrauni 2, lnr. 165864:

- Á 1. veðrétti veðskuldabréf með vöxtum frá Íslandsbanka hf. upphaflega að fjárhæð kr. 4.000.000.-, útgefið þann 18.09.2009, skjal nr. 433-A-002966/2009.
- Á 2. veðrétti veðskuldabréf frá Íslandsbanka hf. upphaflega að fjárhæð kr. 3.300.000.-, útgefið þann 10.11.2016, skjal nr. 447-L-003081/2016.

Samningur þessi er gerður með þeim fyrirvara að fyrrgreindar spildur sem skipta á út úr jörðinni Gamla-Hrauni 2, lnr. 165864 verði leystar úr veðböndum.

Verði spildurnar ekki leystar úr veðböndum innan 6 mánaða frá undirritun samnings þessa fellur samningurinn úr gildi.

3. gr.

Framangreindar eignir verða afhendar við gerð afsals og miðast lögskipti aðila varðandi réttindi og skyldur er landspildunum tengjast, við undirritun afsals. Engar aðrar greiðslur en fram koma hér að framan verða inntar af hendi fyrir landspildurnar.

Afsal skal gefið út þegar allar spildurnar eru veðbandalausar og kvaðalausar að frátöldum þeim kvöðum sem fram koma í samningnum og Sjávarbýlið ehf. skuldbindur sig til þess að yfirtaka.

Sveitarfélagið Árborg greiðir stimpil- og þinglýsingargjöld af þeim eignum sem það verður eigandi að skv. samningi þessum og Sjávarbýlið ehf. greiðir stimpil- og þinglýsingargjöld af þeim eignum sem það verður eigandi að skv. samningi þessum.

Rísi mál út af kaupsamningi þessum skal það höfðað og rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands á Selfossi.

Til staðfestu framangreindu eru nöfn aðila makaskiptaafsals þessa undirrituð í viðurvist vitundarvotta.

Selfossi, 2018

f.h. Sveitarfélagsins Árborgar

f.h. Sjávarbýlsins ehf.

Vottar að rétttri dags.,
fjárræði og undirskrift:

1402110



SKÝRINGAR	
	Váðandi lóðspíða
	Mörk lóðjarða
	Göngu-og hjólastígur - Flórastígur
	Heiti lóðamarkapunkts

HRAUNSTEKKUR 1	
NR.	AUSTUR
106	396250,610 374694,271
107	396282,759 374723,884
108	396303,631 374746,179
109	396365,946 374676,665
110	396311,059 374590,618

HRAUNSTEKKUR 2	
NR.	AUSTUR
101	396741,119 375567,295
102	396761,602 375607,223
103	397784,372 377057,786
104	397795,134 377029,101
105	396810,108 375522,849

HRAUNSTEKKUR 3	
NR.	AUSTUR
111	395984,748 373982,059
112	395721,038 373790,625
113	395584,360 373968,527
114	395664,562 374032,846
115	395787,493 374131,434

HRAUNSTEKKUR 4	
NR.	AUSTUR
121	396741,119 375567,295
122	396761,602 375607,223
123	397784,372 377057,786
124	397795,134 377029,101
125	396810,108 375522,849

HINTAKERFL ISN93

Uppdráttur þessi var samþykktur í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar

Þann _____

VERKFRÆÐISTJÓFA

TEKNIKUR	BLAÐSTÆÐ	HANNAÐ	M/B
2839-021-02	A3	TEKNIÐ	M/B
DAÐ	MAÐUR	VERK	PB

18.05.18	1:7500 / 1:2000 / 1:4000
----------	--------------------------

GREINARGERÐ:

Uppdrátturinn sýnir makaskipti löða í Sveitarfélaginu Árborg. Annars vegar er um að ræða tvær spildur úr landi Gamla-Hrauna 2, landnr. 165864, Hraunstekkur 1, landnr. 224352 og Hraunstekkur 2 Landnr. 224351, og hins vegar löðina Háeyri lóð 3, landnr. 217287.

Hraunstekkur 2 liggur skammt austan Eyrabakkavegar og er 10.4 ha að stærð. Hraunstekkur 1 liggur við vegamót Eyrabakkavegar og Gaulverjabakkavegar. Sú spíða er 8845m².

Löðin Háeyri lóð 3 er 7.38 ha að stærð.

Allar spildurnar atmarkast samkvæmt hnitpunktum á uppdrætti.

Hraunstekkur2, Gamla Hraun 1 og Stóra Hraun hafa umfærðarétt yfir land Gamla Hrauna 2 við hnitpunkta L01 og L02. Gamla Hraun 2 hefur umfærðarétt yfir land Hraunstekkis 1 við hnitpunkta L10 og L09.

VERKFRÆÐISTJÓFA